

Föstudaginn 18. febrúar 1944.

Nr. 54/1943. **Garðar Þorsteinsson (Sjálfur)**

gegn

**lögmanninum í Reykjavík og fjármálaráð-
herra f. h. ríkissjóðs (Einar B. Guðmundsson).**

Dómsathöfn ómerkt vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Dómsathöfn þá, sem áfrýjað er, hefur framkvæmt Kristján Kristjánsson settur lögmaður í Reykjavík.

Fasteignin nr. 22 við Mánagötu í Reykjavík, eign Þrotabús Guðmundar H. Þórðarsonar, var boðin upp á nauðungaruppboði 13. apríl 1943. Hæstbjóðandi varð áfrýjandi máls þessa, er bauð kr. 155000.00. Krafðist hann þess á uppboðsþinginu, að honum yrði fengin eignin sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að eignin yrði afhent honum sem hreinum kaupanda. Á dómþingi skiptaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1943 ítrekaði áfrýjandi kröfur þessar. Lýsti skiptarándi þá yfir því, að hann teldi ekki skilyrði til útlagningar vera fyrir hendi, en ákvað að veita áfrýjanda uppboðsafsal. Tók áfrýjandi þá við afsali og greiddi ríkissjóðsgjald og innheimtulaun í samræmi við það, en kvaðst mundu áfrýja þessari ákvörðun skiptaráðanda og krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiddi meira fyrir uppboðsafsal en útlagningu. Hefur hann nú með stefnu 19. maí 1943 áfrýjað greindri dómsathöfn, krafizt ógildingar á henni, svo og þess, að lagt verði fyrir skiptaráðanda að fá honum nefnda fasteign til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Áfrýjandi rökstuddi ekki kröfu sína fyrir skiptaráðanda, svo sem átt hefði að vera samkvæmt IX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Átti skiptarándi þá samkvæmt 114. gr. sbr. 223. gr. sömu laga að krefja hann rökstuðnings á kröfu sinni. Því næst bar skiptaráðanda, að málsútlitun lokinni, að kveða upp rökstuddan úrskurð um kröfu áfrýjanda, sbr. 190. gr. og 1. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem þessir gallar eru á málsmeðferð,

þykir verða að ómerkja hina áfrýjuðu dómsathöfn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða dómsathöfn á að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Afsal skiptaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1943.

Þriðjudaginn 13. þ. m. var opinbert uppboð haldið á nefndri eign og varð hæstbjóðandi í hana Garðar Þorsteinsson hrm., sem bauð kr. 155000.00 — eitt hundrað fimmtíu og fimm þúsund krónur —. Gerði hann þá kröfu í uppboðsréttinum, að sér yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að hún verði honum seld sem hreinum kaupanda. Þar sem skiptaráðandi sá ekki skilyrði til útlagningar, eins og mál þetta liggur fyrir, ákvað hann að fram færi uppboðsafsal.

Í réttinum er mættur Garðar Þorsteinsson hrm., og lýsir því yfir, að hann muni áfrýja til hæstaréttar þessari ákvörðun skiptaráðanda og áskilur sér allan rétt til að krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiði fyrir uppboðsafsal meira en fyrir útlagningu.

Eftir að uppboðsbeiðandi hafði greitt allan kostnað uppboðsins, með þeim fyrirvara, sem að ofan greinir, opinber gjöld, sem í gjald-daga eru fallin og fram hafa komið við uppboðið, tekið að sér að greiða skuld, sem hvílir á 1. veðrétti til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, að upphæð kr. 41026.00, en tekið sem handveðshafi eftirstöðvar uppboðsverðsins, lýsti skiptaráðandi því yfir, að hann afsalaði Garðari Þorsteinssyni hrm. húseigninni nr. 22 við Mánagötu, ásamt tilheyrandi leigulóð og mannvirkjum, með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti hana. Getur afsalshafi látið þinglýsa útskrift af réttarhaldi þessu sem eignarheimild fyrir eigninni.